**131. löggjafarþing 2004–2005.**
**Þskj. 180 — 180. mál.**

# Fyrirspurn

til fjármálaráðherra um kjarasamninga grunnskólakennara og lífeyrisskuldbindingar.

Frá Pétri H. Blöndal.

1. Hversu mjög má ætla að lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs aukist á samningstímanum vegna væntanlegra kjarasamninga launanefndar sveitarfélaga við stéttarfélög grunnskólakennara ef samið verður miðað við:
   a. tilboð launanefndar sveitarfélaga sem í fjölmiðlum hefur verið sagt ígildi 16,3% launahækkunar út samningstímann,
   b. kröfur stéttarfélaga grunnskólakennara sem í fjölmiðlum hafa verið sagðar ígildi 35% launahækkunar út samningstímann?
2. Hve mikið eykst verðmæti lífeyrisréttinda hvers starfandi grunnskólakennara að meðaltali skv. a- og b-lið 1. liðar?

**Skriflegt svar óskast.**